

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. mars 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. júlí 2013 sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. júlí sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 12. ágúst. Hinn 27. desember 2013 bárust kærunefndinni frekari gögn frá álitsbeiðanda vegna viðgerða á bifreiðinni. Hvorki andsvör, né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 24. febrúar, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 25. febrúar 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.650.000. Var bifreiðin af gerðinni Jeep Grand Cherokee Laredo, árgerð 2005, fyrst skráð 10. júlí 2005 og hafði á kaupdegi verið ekið 125.000 km. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi honum verið tjáð að bifreiðin væri í „topp standi“ og að kaupin væru „kaup aldarinnar“. Síðar hafi komið í ljóst að ástand bifreiðarinnar var langt frá því að vera í samræmi við lýsingu seljanda. Segir álitsbeiðandi að frá því að hann keypti bifreiðina hafi hann þurft að láta framkvæma á henni ýmsar viðgerðir, m.a. útskipti á pakkningu við afturdrif og viðgerðir á startara, tjökkum í vélarhlíf og afturhlera, millikassa, hjólalegum, bremsudiskum- og klossum að framan, framrúðu sem var laus og dráttarkrök sem þurfti að rétta. Þá segir álitsbeiðandi að samlæsingar bifreiðarinnar hafi bilað vegna áðurnefnds leka í framrúðu og að í ljós hafi komið að vél bifreiðarinnar hafi verið full af tjörudrullu sem rakin var til vanrækslu á viðhaldi bifreiðarinnar. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin og fyrir tilstuðlan hans komið því á framfæri við seljanda að hann greiddi hluta af viðgerðarkostnaði við millikassa, vél og samlæsingar. Þessu hafi seljandi hafnað.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi greiði sér útlagðan kostnað skv. reikningi vegna viðgerða á vél bifreiðarinnar, samlæsingum og vegna varahluta samtals rúmlega kr. 700.000. Máli sínu til stuðnings vísar hann til greinargerðar bifvélavirkja sem fylgdi álitsbeiðninni þar sem fram komi að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið eðlilegt. Segir álitsbeiðandi ljóst að bifreiðin var ekki í því ástandi sem hún var sögð vera þegar hann keypti hana og að hann hafi þurft að leggja út í mikinn kostnað við að koma henni í ökuhæft ástand. Fyrir endann á þeim kostnaði sjá hann ekki enn.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við bifreiðasalann, greinargerðir bifvélavirkja, dags. 19. febrúar og 30. mars 2013 og tölvupóstur frá verkstæði vegna ástands vélar bifreiðarinnar, dags. 15. maí. Í þeim gögnum sem kærunefndinni bárust hinn 27. desember 2013 er m.a. að

finna lýsingu á viðgerð á vél bifreiðarinnar, ásamt reikningum fyrir viðgerðum á vél og kaupum á varahlutum.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 25. febrúar 2012 fyrir kr. 1.650.000.. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 10. júlí 2005. Bifreiðin var því rúmlega 6 ára og 6 mánaða ára á kaupdegi og hafði verið ekið 125.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 25. febrúar 2012, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings! [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu

kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. en almennar yfirlýsingar við sölu um ástand eða gæði bifreiðarinnar geta almennt séð ekki leitt til þess að fallist sé á að bifreið sé haldin galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir verður ekki ráðið af gögnum máls að álitsbeiðandi hafi látið skoða bifreiðina af til þess bærnum aðila áður en kaupin fóru fram, t.a.m. með því að láta gera söluskoðun á bifreiðinni. Að mati kærunefndarinnar hefði slík skoðun, ásamt skoðun hans sjálfs á bifreiðinni, að líkindum leitt í ljós bággt ástand flestra þeirra atriða er álitsbeiðandi tiltekur í álitsbeiðni sinni, svo sem leka eða smit á afturrífi, ástand gaspumpu á vélar- og afturhlíf, ástand bremsudiska- og klossa að framan, að framrúða bifreiðarinnar var laus og lek og að hljóð barst úr millikassa og/eða hjólalegum. Kærunefndin telur hins vegar að þrátt fyrir að athugun á smurbók bifreiðarinnar hefði líklega leitt í ljós að tíðni olíuskipta á vél, skiptingu, millikassa og drifum, hefði verið óregluleg, hefði hann ekki mátt gera sér grein fyrir í hversu slæmu ástandi vél, millikassi og drif bifreiðarinnar voru þegar kaupin fóru fram. Líkt og greinir í álitsbeiðni munu slægt viðhald og óregluleg olíuskipti hafa haft það í för með sér að ástand þessara hluta bifreiðarinnar var með þeim hætti að taka þurfti vélna upp og hreinsa hana með ærlegum kostnaði og fyrirhöfn. Eins þurfti að framkvæma viðgerðir í tengslum við millikassa og drif. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi hvað þetta varðar verið mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafí af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta skv. framlögðum reikningum vegna viðgerða á vél, millikassa og drifs að fjárhæð kr. 880.305. Að mati kærunefndarinnar er rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda helming fjárhæðarinnar, kr. 440.153, vegna viðgerðanna og er þá litið til þess annarsvegar að bifreiðin var rúmlega 6 ára og 5 mánaða gömul, ekin 125.000 km. og því mátti álitsbeiðandi búast við því að hann þyrfti að láta framkvæma viðgerðir á bifreiðinni fyrr eða síðar, hinsvegar ber að líta til þess að nýtt kemur í stað gamals.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 440.153.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir